

389. fundur velferðarráðs 16. desember 2020:

10. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga Flokks fólksins um að átak verði gert í að auglýsa sérstakan tilkynningarhnapp ætlaðan börnum til að tilkynna ef þeim finnst eitthvað að hjá sér, heima hjá sér eða hjá vinum sínum. Hnappurinn er á vef Reykjavíkurborgar.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að velferðarsvið og Reykjavíkurborg fari í sérstakt átak við að auglýsa tilkynningarhnappinn ætlaðan börnum sem er á vef Reykjavíkurborgar. Átakið feli í sér fiölbreyttar aðferðir til að ná til sem flestra barna. Tilkynningum um aukið ofbeldi gagnvart börnum hefur fiölgað með komu COVID-19. Um er að ræða aukningu tilkynninga bar sem börn eru vitni að eða siálf beitt líkamlegu og andlegu ofbeldi á heimili sínu. Börnin sjálf eru oft ekki að ræða um þessi erfiðu mál út á við. Það er mikilvægt að hnappurinn sem ætlaður er fyrir börn til að tilkynna mál höfði til þeirra og sé á nokkrum tungumálum. Umfram allt þurfa börn að vita af tilkynningarhnappnum.